



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (fæðingarstyrkur vegna ættleiðingar). Þingskjal 275, 257. mál.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (fæðingarstyrkur til ættleiðingar)**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gera svofellda umsögn um ofangreint mál:

Barnaheill telja frumvarp þetta opna farveg fyrir staðgöngumæðrun sem Barnaheill hafa áður tjáð sig um í umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni frá árinu 2015. Sjá hlekk á umsögnina hér:

[https://www.barnaheill.is/static/files/pdf/Umsogn\\_Barnaheilla\\_um\\_frumvarp\\_til\\_laga\\_um\\_stadgongumaedrun\\_i\\_velgjordarskyni\\_301115.pdf](https://www.barnaheill.is/static/files/pdf/Umsogn_Barnaheilla_um_frumvarp_til_laga_um_stadgongumaedrun_i_velgjordarskyni_301115.pdf).

Barnaheill telja málið ekki nægilega vel unnið og hvetja til þess að það verði endurskoðað.

Barnaheill hafa velferð barna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna að bættum réttindum þeirra. Samtökin líta svo á að mikilvægt sé að hlúa vel að ungum mæðrum sem ekki treysta sér til að ala barn upp eftir fæðingu, sérstaklega ef mæðurnar eru börn að aldri sjálfar. Í þessu frumvarpi er að engu leyti fjallað um stöðu þeirra og ekki um stöðu barnanna sjálfra.

Barnaheill hvetja til þess að þetta mál verði endurhugað og geymt þar til betur verður ljóst hver tilgangur þess og markmið er.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og minna á að allar ákvarðanir ber að taka með það sem barni er fyrir bestu í forgrunni og til að svo megi verða, þarf að undirbúa ákvarðanir vel og rannsaka áhrif ákvarðana á líf barna fyrirfram eins og kostur er.